


Farsældarráð Norðurlands eystra

Skipurit drög

Með það að markmiði að styðja við innleiðingu farsældarlaga og tryggja skilvirkt samstarf þjónustuaðila er hér lögð fram tillaga að skipuriti Farsældarráðs Norðurlands eystra. Farsældarráð vinnur í nánú samstarfi við verkefnastjóra farsældar barna, sem starfar í umboði sveitarfélaganna og hefur aðsetur hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).




Farsældarráð

Farsældarráð Norðurlands eystra er samráðsvettvangur sveitarfélaga og þjónustuaðila sem starfa í þágu barna á svæðinu. Ráðið styður við stefnumótun og samhæfingu þjónustu í samræmi við farsældarlög og leggur fram tillögur að sameiginlegum áherslum. Ráðið setur fram fjögurra ára aðgerðaáætlun sem lögð er fyrir sveitarstjórnir og viðeigandi stjórnvöld/yfirstjórn til samþykktar.

Samkvæmt farsældarlögum skal ráðið skipað fulltrúum stofnana sem skilgreindar eru sem þjónustuveitendur í lögunum, auk annarra aðila sem teljast mikilvægir þátttakendur í svæðisbundnu samráði. Ráðið fundar að lágmarki átta sinnum á ári. Miðað er við tvo

staðarfundi á ári en þess utan verða fjárfundir. Æskilegt er að staðarfundir verði til skiptist í þeim 11 sveitarfélögum sem eru á Norðurlandi eystra.

Fulltrúar sveitarfélaganna tala röddu 11 ólíkra þjónustuveitenda sem sveitarfélögin reka. Þó ber að geta þess að mörg sveitarfélög á Norðurlandi eystra eru með ýmsa þjónustusamninga sín á milli:



Lagt er til að eftirfarandi hagaðilar eigi aðild að farsældarráði:

Stofnun	Fjöldi fulltrúa
Akureyrarbær (velferðarsvið og fræðslu- og lýðheilsusvið)	1
Dalvíkurbyggð (félagsmálasvið og fræðslu- og menningarsvið)	1
Eyjafjarðarsveit	1
Fjallabyggð (velferðarsvið)	1
Grýtubakkahreppur	1
Hörgársveit	1
Langanesbyggð	1
Norðurþing (velferðarsvið)	1
Svalbarðsstrandarhreppur	1
Tjörneshreppur	1
Þingeyjarsveit (fjölskyldusvið)	1
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	1
Sjúkrahúsið á Akureyri	1

Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra	1
Lögreglan á Norðurlandi eystra	1
Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ	1
Samtals	16

Lagt er til að eftirfarandi eigi áheyrnarfulltrúa með málfrelsi í farsældarráði

Stofnun	Fjöldi áheyrnarfulltrúa
Fulltrúar ungmennaráð á Norðurlandi eystra	2
Fulltrúar foreldraráða á Norðurlandi eystra	2
Samtals	4

Allir fulltrúar farsældarráðs hafa ríkt umboð, innsýn og þekkingu á sínum málaflokkum og geta því bæði sinnt stefnumótun, mótun aðgerða og komið aðgerðum í framkvæmd í samvinnu við sína baklandshópa.

Baklandshópar

Hver fulltrúi sem á sæti í ráðinu hefur sér til stuðnings baklandshóp sem hann vinnur náið með á milli funda farsældarráðs. Baklandshóparnir hafa ríku hlutverki að gegna við greiningu á þeim áskorunum sem þarft er að forgangsraða og bregðast við og einnig hafa þeir mikilvægt hlutverk við mótun aðgerða í aðgerðaáætlun.

Fulltrúar sveitarfélaganna hafa á bak við sig baklandshóp síns sveitarfélags sem eru skipaðir fulltrúum grunnskóla, leikskóla, frístunda- og félagsmiðstöðva, barnaverndar og félagsþjónustu auk innleiðingarstjóra farsældar. Hverju sveitarfélagi er frjálst að ákveða fjölda einstaklinga í samráðshópnum og móta verklag hans. Hópar af þessu tagi eru þegar starfandi í sumum af sveitarfélögunum, oft undir heitinu *Stýrihópur farsældar*.

Fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands hefur á bak við sig samráðshóp sem samanstendur af fulltrúum af öllum sviðum starfsemi heilsugæslunnar sem viðkemur börnum, t.d. geðþjónusta barna, skólahjúkrun, ungabarnavernd og almennar heimilislækningar.

Fulltrúi Lögreglunnar á Norðurlandi eystra hefur á bak við sig samráðshóp sem lögreglan á Norðurlandi eystra kemur saman í takt við greiningu á þeim störfum lögreglu sem varða börn með beinum hætti.

Fulltrúi framhaldsskólanna á Norðurlandi eystra hefur á bak við sig samráðshóp sem í sitja allir skólameistarar framhaldsskólanna í landshlutanum og/eða það starfsfólk sem vinnur að farsæld barna í framhaldsskólunum.

Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ tryggir samráð við íþróttafélögin á Norðurlandi eystra og íþróttahéruð, kemur til þeirra upplýsingum og tekur við umsögnum og athugasemdum. Þegar hefur verið stofnað til samráðsins og aðgerðaáætlun íþróttahreyfingarinnar mótuð í tengslum við það. Fulltrúi íþróttahreyfingarinnar tryggir einnig samráð við íþróttfulltrúa sveitarfélaganna.

Áheyrnarfulltrúar barna tryggja samráð við ungmennaráð á Norðurlandi eystra.

Áheyrnarfulltrúar foreldra tryggja samráð við foreldrafélög á Norðurlandi eystra.

Utanaðkomandi sérfræðipækking

Verkefnastjóri skipuleggur kynningar frá aðilum sem veitt geta gagnlegar upplýsingar, verkfæri og rannsóknir. Með utanaðkomandi fræðslu skapast tækifæri til samtals milli ráðsins og þeirra aðila sem annast fræðsluna. Sem dæmi um þessa aðila má nefna:

- Miðstöð menntunar og skólaþróunar sem kynnt getur það sem hefur verið í þróun hjá þeim, farsæld barna til heilla:
 - MEMM
 - Heillaspor
 - Föruneyti barna
 - Frigg
- Barna- og fjölskyldustofa
- Háskóli Íslands - Umsjónarfólk Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar
- Ýmis hagsmunasamtök: ADHD samtökin, Einhverfusamtökin o.s.frv.
- Sérfræðiteymi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í fjölskyldumálum
- Embætti landlæknis
- Ráðgjafar- og greiningamiðstöð
- Heimili og skóli
- Sjálfstætt starfandi sérfræðingar í málefnum barna.

Sóknaráætlun SSNE og áhersluverkefni

Sóknaráætlun Norðurlands eystra er stefnumótandi áætlun sem miðar að því að efla og styrkja svæði og samfélag landshlutans. Áætlunin byggir á greiningu og samráði, þ.á.m. við fulltrúa sveitarfélaganna og lykilfólk í háskóla-, atvinnu og menningarlífi á Norðurlandi eystra.

Einn af fjórum meginmálaflokkum sóknaráætlunar 2025-2029 er málaflokkurinn *Blómlegar byggðir*. Á hverju ári eru unnin sérstök verkefni í tengslum við markmið sóknaráætlunarinnar sem hefur verið forgangsraðað. Mörg af verkefnum sem unnin hafa verið á undanförunum árum og/eða verið er að vinna að, snerta farsæld barna með beinum eða óbeinum hætti.

Hér eru þó sóknarfæri og hægt er að gera betur hvað varðar að tengja sóknaráætlun landshlutans við farsældar barna og getur það verið eitt af verkefnum farsældarráðs. Eftirfarandi eru þær áherslur sem nefndar eru í sóknaráætlun og snerta farsæld barna:

- Þróa samfélagsmiðstöðvar með því að nýta fjölbreytt húsnaði sem samkomustaði til að virkja ólíka hópa.
- Stuðningur við ýmis lýðheilsuverkefni, t.d. verkefni sem tengja saman náttúru, hreyfingu og útivist.
- Styðja við fjölbreytta menningarviðburði og listsköpun í öllum landshlutanum.

- Styðja við viðburði sem ýta undir þátttöku ólíkra og fjölbreyttra hópa.
- Styðja við nýsköpun á sviði heilbrigðismála og farsældar.

Mikilvægt er að farsældarráð fái kynning á sóknaráætlun Norðurlands eystra og þeim áherslum sem þar er að finna er tengjast farsæld barna. Einnig þarf að kynna þau áhersluverkefni sem í gangi eru og tengjast farsæld og þeim möguleikum sem farsældarráðið hefur til að koma á fót nýjum áhersluverkefnum farsæld barna til heilla.

Samantekt

Tillaga að skipuriti Farsældarráðs Norðurlands eystra byggir á traustu farsældarráði, skipuðu fulltrúum með ríkt umboð, reynslu og innsýn í sína málaflokka. Samráðshópar hvers fulltrúa tryggja samráð við þjónustuveitendur almennt. Saman geta meðlimir farsældarráðs og samráðshópar þeirra tryggt góða forgangsriðun, mótun aðgerða og að aðgerðir komist til framkvæmdar. Tryggt verður að utanaðkomandi fagfólk fái tækifæri til að koma mikilvægum upplýsingum og ráðleggingum til ráðsins þannig að vinna þess byggji á traustum grunni.

Tillaga að skipuriti styður þannig við innleiðingu farsældarlaga á Norðurlandi eystra í nánú samstarfi við öll þjónustu- og stjórnsýslustig. Fyrirkomulagið mun stuðla að aukinni samvinnu, ábyrgðarskiptingu, gagnsæi og samhæfingu í þjónustu við börn og fjölskyldur á Norðurlandi eystra.